



SAMNINGUR UM BITASTRAUMSAÐGANG MILLI MÍLU OG VIÐSEMJANDA

Viðauki 6

Samtengingar internetþjónustuaðila við xDSL og GPON kerfi Mílu vegna aðgangслейðar 3

Til að internetþjónustuaðilar geti boðið sína internetþjónustu yfir net Mílu, þarf að vera til staðar tenging milli internetþjónustuaðila og Mílu. Samtengingarnar geta átt sér stað á einum eða fleiri samtengipunktum, sem eru staðsettir víðsvegar um landið. Tengiskilin eru við SFP, sem Míla útvegar.

Möguleg stærð samtengisambanda er breytileg eftir tengistað. Stærðin er ekki takmörkuð séu þau staðsett á höfuðborgarsvæðinu, en takmarkast við 300 Mb/s utan þess.

Samtengingarnar geta átt sér stað á einum eða fleiri samtengipunktum, sem eru staðsettir víðsvegar um landið. Kaupandi vörunnar ber ábyrgð á tengingum inn í samtengipunkta og greiðir fyrir þær að fullu. Tengiskilin sem eru í boði eru 1Gb/s og 10Gb/s. Hann ber einnig ábyrgð á nauðsynlegum ljósmódul í sínum búnaði en Míla útvegar samsvarandi búnað stöðvarmegin. Kjósi viðsemjandi að vera með tvær samtengingar öryggisins vegna, er greitt sérstaklega fyrir bæði tengiskilin.

Möguleg stærð samtengisambanda er breytileg eftir tengistað. Þau eru takmörkuð við hraða tengiskila séu þau staðsett á höfuðborgarsvæðinu, en takmarkast við 300 Mb/s utan þess.

Auðkenningar notenda fara fram skv. PPPoE samskiptahætti. (Point to Point Protocol over Ethernet) . Allir notendur skulu skráðir á lén viðkomandi internetþjónustuaðila, t.d. notandi@isp.is. PPPoE samskiptahátturinn getur annað hvort haft endapunkt í BRAS þjónum Mílu eða í LNS þjón (L2TP Network Server) kaupanda. Ef óskað er eftir því að fá PPPoE tengingar beint inn til kaupandans þarf hann að setja upp eigin LNS búnað. Er þá notast við L2TP (Layer 2 Tunneling Protocol) á milli BRAS búnaðar og LNS búnaðar kaupanda.

Óheimilt er að samnýta þessar tengingar til notkunar fyrir aðra þjónustu sem tengist ekki samtengingu við kerfi Mílu vegna aðgangслейðar 3.

Verðskrá fyrir þjónustuna frá Mílu er eftirfarandi:

Kostnaðarliður	Verð án VSK
Stofngjöld	
Uppsetning á fyrsta léni	114.173 kr.
Uppsetning á aukaléni	28.543 kr.
Mánaðargjöld	
Tengiskil allt að 1 Gb/s	9.986 kr.
Tengiskil 10 Gb/s	59.921 kr.
Lénagjald pr. lén	7.000 kr.



Til þess að eiga kost á að tengjast 10 Gb/s tengiskilum, þarf viðsemjandi að vera með að lágmarki 3.000 viðskiptavinum á aðgangskerfi Mílu.

Við pöntun á samtengisambandi þurfa eftirfarandi upplýsingar að koma fram:

- Stærð samtengisambands milli viðsemjanda og tengiskila (100Mb/s, 300Mb/s, 1Gb/s, 10Gb/s)
- IP tala DNS þjóns viðsemjenda
- Lén sem á að framsenda á LNS
- Er LNS þjónn staðsettur hjá viðsemjanda eða Mílu ?
 - Ef LNS er hjá viðsemjanda, hver er IP talan á honum
- Tæknilegur tengiliður og símanúmer viðsemjanda vegna uppsetningar
 - Vegna Radíus
 - Vegna LNS